

Stofnanasamningur milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sjálfsbjargarheimilisins

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og Sjálfsbjargarheimilið hins vegar, gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi milli FÍh og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra hjúkrunarfræðinga sem starfa á Sjálfsbjargarheimilinu og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

2. Markmið

- Að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum Sjálfsbjargarheimilisins.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga til áhrifa á framgang í starfi.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum Sjálfsbjargarheimilinu .

3. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfsheitum og starfaflokkun má finna í viðauka 1 með samningi þessum.

Starfsheiti	Ifl.
• Hjúkrunarfræðingur 1	6
• Hjúkrunarfræðingur 2	7
• Hjúkrunarfræðingur 3	8
• Hjúkrunarfræðingur 4	9
• Hjúkrunardeildarstjóri	13-

Ofangreind launaröðun er grunnröðun. Starfsmaður getur ráðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4. og 5.grein.

4. Mat persónubundnum þáttum

4.1 Viðbótarmenntun

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi fær menntun sína metna á eftirfarandi hátt:

Diplómapróf, 30 ECTS einingar, sem nýtist í starfi	1 þrep
Diplómapróf, 60 ECTS einingar, sem nýtast í starfi	2 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar, sem nýtast í starfi	4 þrep
Doktorspróf sem nýtist í starfi	6 þrep

Hækkanir vegna viðbótarmenntunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

4.2 Símenntun

Námskeið og fagráðstefnur	60 klst.	1 þrep
Námskeið og fagráðstefnur	120 klst.	1 þrep
Námskeið og fagráðstefnur	240 klst.	1 þrep

Einungis eru metin námskeið sem talin eru nýtast í starfi og hafa verið sótt á sl. fimm árum.

4.3 Starfsreynsla í hjúkrun eftir útskrift

Eftir 5 ár í starfi	1 þrep
Eftir 10 ár í starfi	1 þrep

4.4 Hollusta við stofnun

Eftir 3 ár í starfi	1 þrep
Eftir 6 ár í starfi	1 þrep

4.5 Önnur atriði

Hjúkrunarfræðingur sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunntöflu launaflokks sem er umfram 8. þrep færir í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

4.6 Bakvaktir

Bakvaktir skulu greiddast samkv. kjarasamningi og þar að auki skal greiða 2 klst. í yfirvinnu ef hringt er oftast en tvisvar að næturlagi í vakthafandi hjúkrunarfræðing á bakvakt.

4.7 Hjúkrunarfræðingur einn á vakt

Í þeim tilvikum er einungis einn hjúkrunarfræðingur er á vakt þegar vaktskrá gerir ráð fyrir að þeir séu tveir skal greiða honum aukalega tvær yfirvinnustundir.

5. Kröfur umfram starfslýsingu

Heimilt er að greiða önnur laun er starfinu fylgja sbr. grein 1.1.3 í kjarasamningi aðila. Slíkt getur verið vegna sérstakra verkefna eða álags.

5.1 Sérstök verkefni

Forstöðumanni er heimilt að gera skriflegan tímabundinn samning við hjúkrunarfræðing sem er í 50% starfshlutfalli eða meira um að taka að sér sérstök tímabundin verkefni. Hjúkrunarfræðingur getur fengið 1-2 launaflokka ofan á grunnröðun sína fyrir umsjón og

ábyrgð á sérstökum skilgreindum verkefnum eða ábyrgð sem fellur utan hefðbundinna starfa. Sérstök verkefni geta staðið yfir að hámarki 12 mánuði í senn.

Verkefni skal skilgreina í tímabundnum samningi þar sem kveðið er á um umfang, kröfur, efnispætti, árangur og annað sem skiptir máli við vinnslu verkefnisins. Að loknu hinu tiltekna tímabili fellur samningurinn og launaviðbótin sjálfkrafa niður án sérstakrar uppsagnar af hálfu stofnunar nema samningnum hafi verið framlengt.

6. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi tekur gildi 1. september 2020

Reykjavík 6. október 2021

F.h. Sjálfsbjargarheimilisins

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Bókun 1

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra hjúkrunarfræðinga út frá ákvæðum nýs stofnanasamnings. Við endurskoðun launaröðunar út frá stofnanasamningum verður öllum endurraðað í samræmi við forsendur hans. Endurröðun getur leitt til mismunandi hækkana og í einhverjum tilfellum til sambærilegra kjara og viðkomandi þegar hefur.

Viðauki 1 - Skilgreining á starfsheitum

Hjúkrunarfræðingur 1

Hjúkrunarfræðingur sem er í aðlögun hjá reyndum hjúkrunarfræðingi. Nýtur tilsagnar og tekur ekki sjálfstæðar vaktir.

Hjúkrunarfræðingur 2

Nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur. Getur tekið sjálfstæðar vaktir. Skipuleggur og verkstýrir innan vaktar ef ekki er reyndur hjúkrunarfræðingur á staðnum. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Skipuleggur og veitir fræðslu til heimilismanna og aðstandenda.

Hjúkrunarfræðingur 3

Hjúkrunarfræðingur með meira en eins árs starfsreynslu. Tekur sjálfstæðar vaktir og er kominn vel á veg í starfi. Stjórnar, skipuleggur og framkvæmir verkefni. Skipuleggur og verkstýrir innan vaktar. Skipuleggur og veitir fræðslu til heimilismanna og aðstandenda. Tekur á móti nemum og nýju starfsfólki – sinnir kennslu og leiðbeinir. Tekur þátt í gæðastarfi.

Hjúkrunarfræðingur 4

Hjúkrunarfræðingur með meira en 3 ára starfsreynslu. Er mjög vel fær í starfi. Stjórnar, skipuleggur og framkvæmir verkefni. Skipuleggur og verkstýrir innan vaktar. Hefur verið fulltrúi deildar/heimilis í vinnuhópum/teymum. Kemur að framþróun á starfi deildar. Skipuleggur og veitir fræðslu til heimilismanna og aðstandenda. Tekur á móti nemum og nýju starfsfólki - sinnir kennslu og leiðbeinir.

Deildarstjóri

Fagleg og rekstrarleg stjórnun starfseiningar. Hjúkrunardeildarstjóri ber ábyrgð á þeirri hjúkrun sem er veitt á starfseiningu, mönnun og skipulagi vakta og að viðvera starfsmanna sé rétt skráð í tímaskráningarkerfi. Stjórnar, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð. Leiðbeinir nemum og nýju starfsfólki og eða skipuleggur störf annarra. Tekur virkan þátt í starfsþróun á sinni starfseiningu. Tekur þátt í gæðastarfi. Skipuleggur og veitir fræðslu til heimilismanna og aðstandenda